

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á



Miðvikudagur 18. desember 2019 | 45. töl. 17. árg. | Upplag 10.500 eintök. | Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



-stöðin

TAXI

Hafnfirska
leigubílastöðin

520 1212

Hádegistilboð!

3 réttir
1.850 kr.
Hrísgrjón fylgja með

Coke
fylgir með!



20% afsláttur
af kvöldmatseðli

Liyuan Chinese Restaurant

Opíð kl. 11-14 og 16-21 virka daga og kl. 16-21 um helgar.

Reykjavíkurvegi 68 | 551 8168

Jón Arnluss
KÖKULIST



Treystu
mér fyrir
veislunni!

www.kokulist.is

Firði • sími 555 6655

Burger•inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is



MATHÚS BAR
VON

Strandgata 75 | 583 6000 | vonmathus.is

Gleðileg jól!

Síðasta prentaða tölublað Fjarðarfrétta

Fjarðarfréttir munu ekki koma út áfram í prentaðri útgáfu og er þetta síðasta tölublaðið.

Framvegis verða Fjarðarfréttir fréttavefur sem kallar eftir góðu samstarfi við Hafnfirðinga og aðra sem áhuga hafa á málefnum sem snerta bæjarbúa.

Blöð undanfarinna ára verða áfram aðgengileg á vefnum og brátt verða öll blöð Fjarðarfrétta frá upphafi aðgengileg á timarit.is



Ljósir: Guðni Gíslason

Ljósum og pökkum skrytt jólatré á Thorsplani.

Nú verða Fjarðarfréttir aðeins á vefnum!
www.fjardarfrettir.is

Þjónusta í fyrirrúmi!



Rafgeymasalan sérhæfir sig í sölu og þjónustu á rafgeymum fyrir allar tegundir farartækja og ferðavagna. Einnig rafgeyma fyrir golfbíla, vinnuvélur, lyftur o.fl. tæki.



RAFGEYMASALAN

Dalshrauni 17, Hafnarfirði • 565 4060
sala@rafgeymar.is • www.rafgeymar.is



Er nýja heimilið þitt í
Hafnarfirði kannski hjá okkur?
Skoðaðu lausar leigueignir á heimavellir.is

HEIMA
VELLIR
ÖRUGGLEIGA

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandsþóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

Víðistaðakirkja

Aðfangadagur, 24. desember

Aftansöngur kl. 17

Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn
Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.

Einsöngur: Helga Magnúsdóttir sópran.
Hljóðfæraleikur: Vigdís Klara Aradóttir
og Guido Bäumer.

Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson.



www.vidistadakirkja.is

Jóladagur, 25. desember

Hátíðarguðspjónusta kl. 14

Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn
Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.

Prestur: Sr. Stefán Már Gunnlaugsson.

Gamlársdagur 31. desember

Helgistund kl. 17

Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn
Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.

Sr. Bragi J. Ingibergsson sóknarprestur.



leiðarinn

Kæri lesandi, nú er komið að tímamótum. Þetta blað verður síðasta prentaða útgáfan af Fjarðarfréttum, a.m.k. um sinn.

Rekstrarumhverfi bæjarblaða er þannig háttað að því er næstum sjálfhætt og nýtt fjölmiðlafrumvarp breytir þar litlu enda ekki gert ráð fyrir því að ritstjórar taki sumarfrí og krafa gerð um 48 tölublöð á ári. Bæjarblað ætti að vera hverju sveitarfélagi ánægjulegur fylgifiskur enda slík blöð mikilvægur þáttur í að skapa umræðu í bænum og að kynna menninguna í bænum svo eitthvað sé nefnt. Í raun eru bæjarblöð mikilvægur þáttur í menningarlífinu þó hafnfirsk bæjaryfirvöld sýni þeim ekki mikinn áhuga, a.m.k. ekki ef þau vilja halda sjálfstæði sínu.

Bæjaryfirvöld hafa kosið þá stefnu að kaupa auglýsingar fyrir tvöfalt hærri upphæð á hvert tölublað í blaði sem gætir þess að segja aldrei gagnrýnisorð um bæjarstjórnina. Bæjaryfirvöld hafa kosið að kaupa frekar auglýsingar og kynningar í utanbæjarblöðum og hika ekki við að kaupa jákvæðar kynningar þar. Bæjaryfirvöld hafa frekar kosið að reka eigin fréttastofu og senda helst aðeins frá sér ritstýrt efni. Bæjaryfirvöld kjósa að framleiða viðtalspætti þar sem valdir starfsmenn bæjarins tala hvor við annan. Bæjaryfirvöld kjósa frekar að gefa út eigin blöð og kosta til þess miklu almannafé án þess að tilgangurinn sé ljós.

Það þarf enginn að fara í grafgötur með það að undirritaður er óhress með bæjaryfirvöld. Ávallt hefur þurft að berjast fyrir auglýsingum frá Hafnarfjarðarbæ og hefur þá ekki skipt hvaða stjórnmálaflokkar eru við völd. En nú keyrir um þverbak.

Þetta er þó ekki eina ástæðan, því fyrirtæki hafa í auknum mæli kosið að nýta aðeins samfélagsmiðla og útvarp til að kynna sína þjónustu á kostnað prentmiðla.

Við þessi tímamót er horft björtum augum á framtíðina og á þá möguleika sem alls staðar liggja í loftinu. Er öllum samstarfsaðilum þakkað ánægjulegt samstarf, fyrirtækjum og stofnunum fyrir ánægjuleg viðskipti og ekki síst lesendum fyrir tryggð og ánægjuleg samskipti í gegnum árin. Þá er öllum þeim sem lagt hafa blaðinu til efni á einhvern máta þakkað með von um áframhaldandi ánægjulegt samstarf á fréttaföllum www.fjardarfrettir.is

Upplýsingar um það sem er að gerast berast ekki af sjálfu sér og Facebook er eins og botnlaus tunna þar sem aðeins efsta lagið sést.

Bæjarbúar og fyrirtækjaeigendur eru hvattir til að senda fréttaskot og ábendingar um efni og viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Nú er jólahátíðin að færast yfir og allir reyna að gera sér dagamun á þann hátt sem þeim er lagið. Megi gleði og friðarins jól vera í huga þínum og ég óska þess að gæfa fylgi þér og þínum á komandi ári.

Gleðileg jól og takk fyrir árið sem er að líða.

Guðni Gíslason ritstjóri.



Aðfangadagur 24. desember:

Aftansöngur kl. 18
Jólasöngvar á jólanótt
kl. 23.30

Jóladagur 25. desember:
Fjölskylduguðspjónusta
kl. 13

Allir kórar kirkjunnar koma fram.

Gamlársdagur 31. desember:

Aftansöngur
á Hrafnistu kl. 16
Aftansöngur
í kirkjunni kl. 18
Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsdóttir



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 22. desember

Engin messa

Aðfangadagur, 24. desember

Fjölskyldusamvera kl. 14

Aftansöngur kl. 17

Hátíðartón Sr. Bjarna Þorsteinssonar og
Flensborgarkórinn syngur.

Annar í jólum, 26. desember

Skokkmessa kl. 10

Árleg skokkmessa í samstarfi
við Skokkhóp Hauka.

Gamlársdagur 31. desember

Aftansöngur kl. 17

Hátíðartón Sr. Bjarna Þorsteinssonar og
Flensborgarkórinn syngur.

www.astjarnarkirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA

Helgihald um jól og áramót 2019 - 2020

Sunnudagur 22. desember:

Opin kirkja kl. 11-12.30

Kyrrð og kertaljós, kakó og piparkökur.

Aðfangadagur jóla, 24. desember:

Aftansöngur kl. 18

Prestur: Sr. Jón Helgi Þórarinnsson
Organisti: Guðmundur Sigurðsson
Kór: Barbörúkórinn

Einsöngvari: Þórunn Vala Valdimarsdóttir

Miðnæturmessan kl. 23.30

Prestar: Sr. Jón Helgi Þórarinnsson
og sr. Þórhildur Ólafsson
Organisti: Ólafur W. Finnsson
Einsöngvari: Ágúst Ólafsson

Jóladagur, 25. desember:

Hátíðarmessa kl. 14

Prestur: Sr. Þórhildur Ólafsson
Organisti: Guðmundur Sigurðsson
Kór: Barbörúkórinn.
Einsöngvari: Pétur Oddbergur Heimisson

Sólvangur kl. 15.30

Hátíðarguðspjónusta
Prestur: Sr. Þórhildur Ólafsson
Organisti: Guðmundur Sigurðsson
Félagar úr Barbörúkórnum syngja

Gamlársdagur, 31. desember:

Aftansöngur kl. 17

Prestur: Jón Helgi Þórarinnsson
Organisti: Guðmundur Sigurðsson
Kór: Barbörúkórinn
Einsöngvari: Elfa Dröfn Stefánsdóttir

Nýársdagur, 1. janúar 2020:

Hátíðarmessa kl. 14

Prestur: Sr. Þórhildur Ólafsson
Ræðumaður: Olga Björt Þórðardóttir
Organisti: Guðmundur Sigurðsson
Kór: Barbörúkórinn
Einsöngvari: Philip Barkhudarov

Sunnudagur 5. janúar 2020:

Helgistund kl. 11

Jólin kvödd

Prestur: Sr. Jón Helgi Þórarinnsson
Organisti: Ólafur W. Finnsson



**BESTA
ÍÞRÓTTA
LJÓSMYNDIN**

Keppni opin öllum
Mynd tekin 2019
Skilafrestur 10. jan.
www.ibh.is



Ljóð afa og barnabarns

Hafnfirðingurinn Halldór Halldórs-son á greinilega ekki erfitt með að semja ljóð um líðandi stund og þegar Fjarðarfréttir leituðu í smíðju hans setti hann snarlega saman þetta ljóð um jólaundirbúninginn í Hafnfirði.

Ljóðið er nú birt á 67 ára afmælisdegi hans, 18. desember.




*Húsum Fjarðar fagna ber,
sem fögrum ljósum skarta;
en allra helst ég hugsa mér
hátíð undurbjarta!*

Hann á greinilega ekki langt að sækja skáldagáfuna, því föðurafi hans, Sigurður Símonarson (1893-1965), eða Siggí Sími eins og hann var kallaður á Akranesi var gott ljóðskáld. Hann samdi þetta ljóð fyrir rétt 60 árum, fyrir jólin 1959:

*Runnin upp var rétta stund
af ríki Guðs í árdagsmund;
þá ljós af himni leiftri brá
og ljúfur sveinn var hálmi á.*

*Óma raddir engla þýtt
um elsku Guðs og barnið blítt
er flytur mönnum frið á jörð
og frelsi allri barnahjörð.*



Ljóm: Guðni Gíslason

Frá tónleikum Fríkirkjukórsins

Ljóm: Guðni Gíslason



Fríkirkjukórinn í Hafnarfirði er léttisngjandi kór sem lifgaði upp á skammdagi með skemmtilegum tónleikum sl. laugardag.

Jólahugvekja sr. Einars Eyjólfssonar, prests í Fríkirkjunni:

Í hvaða liði ertu?

Þannig er gjarnan spurt hér í Hafnarfirði, „Í hvaða liði ertu!“ – Gjarnan er verið að kalla eftir því hvort viðmælandinn styðji FH eða Hauka, þótt vissulega séu mörg önnur íþröttalið hér í bænum.

Minn sonur gekk snemma til liðs við FH og pabbinn fylgdi með – við styðjum jú börnin okkar og fylgjum þeim eftir!

En tíminn líður og nú er kominn lítill afadrengrur, dóttursonur og hann á pabba sem er í Haukum. Drengurinn er aðeins 7 ára gamall en löngu búinn að átta sig á „rignum“ í bænum og að afinn hafi staðið FH megin í lífinu. Hann hefur því alveg sérstaka unun af því að syngja blessað „haukalagið“ fyrir afa sinn í tíma og ótíma – „Haukar, Haukar eru alltaf beceistir“, og svo glottir hann innilega.

Já, í hvað liði ertu? Með hverjum heldur þú?

Við höfum einhverja meðfædda þörf fyrir það að tilheyra, vera hluti af hópi sem stendur saman og á sér markmið. Að tilheyra fjölskyldu – vinahópi – skátum – kirkju – eða íþröttafélagi.

En nú er aðventan gengin í garð og jólin á næsta leyti, tími sem minnir okkur á að þegar kemur að stóru málunum í lífinu, öllu því sem varðar heill okkar og hamingju þá erum við öll í sama liði með sama markmiði.

Já, þetta er tími sem minnir okkur á með alveg sérstökum hætti að við erum, eða réttara sagt, eigum öll að vera í sama liði þegar kemur að sjálfum tilgangi lífsins. Bræður og



Sr. Einar Eyjólfsson

systur sem þrá velferð og hamingju öllum til handa. Bræður og systur sem þráum réttlæti og frið og kærleiksrik samskipti allra heimsins barna.

Barnið sem við fögnum á jólum og fæddist forðum í Betlehem, hafði þá stóru og mikilvægu gjöf að gefa mannkyni, að setja ætíð ástina, kærleikann í öndvegi í öllum samskiptum.

Barnið í Betlehem, Jesús sjálfur, gerði kærleikann að mælistiku í lífi okkar: Þú skalt elska náungann eins og sjálfan þig. Allt sem þér viljið að

aðrir menn gjöri yður það skuluð þér og þeim gjöra.

Hann sagði okkur að Guð væri hvorki karl í skýi né strangur dómari, heldur kærleikurinn að verki í veröldinni. Hinn góði máttur sem vekur með okkur fallegar hugsanir sem stuðla að manngæsku og góðvild.

Margir hafa sagt að boðskapur hans, orðin hans og það hvernig hann steig fram sé í raun róttækasta mannréttindakrafa sem sett hefur verið fram, bylting þegar hugsað er til þess

hvernig alið var á þrælsótta lítilmagnans í þá daga og enn í dag.

Hann beindi kastljósinu að kjörum og aðstæðum litla mannsins í veröldinni.

Upphóf fátæka ekkju með því að benda á gjafmildi hennar.

Og útlendinginn sem allir litu niður á, gerði hann að eilífri fyrirmynd vegna manngæsku hans og miskunnsemi. Sagan um miskunnssama Samverjann er líklega áhrifamesta saga sem sögð hefur verið.

Þá er nú vert að hugleiða það hvernig hann fyrir 2000 árum átti samskipti við konur sem jafningja og steig fram og rétti hlut konu sem hafði verið niðurlægð í karlrembusamfélagi.

Já við eigum öll að vera í sama liði segja jólin. Bræður og systur litla barnsins sem lagt var í jötu forðum daga í Betlehem.

Bræður og systur litlu barnanna sem búa nú í flóttamannabúðum svo skammt frá litla bænum Betlehem sem allir hugsa til á jólum.

Sagan sem hófst með fæðingu barnsins í Betlehem á erindi við okkur öll. Þetta er saga sem við getum endalaust dregið lærdóm af, vegna alls þess góða sem fylgdi þessu barni inn í veröldina.

Gleðilega hátíð.



Krókur á Álftanesi



Krókur er opin á sunndögum á sumrin en hópar geta bókað skoðun á öðrum tíma.

Krókur er lítill bárujármsklæddur burstabær sem var endurbyggður úr torfbæ í nokkrum áföngum á fyrri hluta 20. aldar og er elsti hlutinn frá 1923. Fyrstu árin bjó ekkjan Jóhanna Jóhannsdóttir í Króki ásamt sex börnum og Halldóru móður sinni. Krókur var síðan stækkaður árið 1934 þegar Þorbjörg Stefánía Guðjónsdóttir og

Vilmundur Gíslason fluttu þangað með fjögur börn og móður Vilmundar, Guðrúnu Sveinsdóttur.

Þorbjörg og Vilmundur voru síðustu ábúendur í Króki. Þau áttu kýr, hænsni og kindur og ræktuðu grænmeti. Auk þess unnu bæði úti og á meðan annaðist Guðrún börnin.

Þorbjörg lifði mann sinn og bjó í Króki þangað til hún dó árið 1985. Eftir það buðu erfingjar þeirra Vilmundar Garðabæ að eignast húsin með innbúi gegn því að bærinn yrði varðveittur. Garðabær tók við Króki árið 1998 og var hann þá gerður upp. Yngstu dætur hjónanna í Króki, Elín og Vilborg, höfðu umsjón með hvernig húsmunum

var raðað þannig að allt stendur eins og í tíð móður þeirra enda hefur skapast sú tilfinning að gamla konan hafi bara rétt skroppið af bæ.

Ómetanlegt er að bæði húbýli og innbú eru varðveitt sem heild í Króki og þarna má sjá gott dæmi um húsakost og lifnaðarhætti alþýðufólks á fyrri hluta 20. aldar.

Krókur er staðsettur við Garðakirkju í Garðahverfi við Garðaholt, skammt frá mörkum Garðabæjar og Hafnarfjarðar.

Um 45 mínútna ganga er frá Hafnarfirði í Krók enda hafa Hafnarfirðingar verið tíðir gestir á safninu. Krókur minnir að nokkru leyti á Siggubæ í Hafnarfirði sem er varðveittur sem sýnishorn af heimili verkamanns og sjómanns frá þessum sama tíma.



Rúna Tetzschner safnvörður í Króki. Síminn var 51431.



Eggert Guðmundsson frá Görðum var heimagangur á Króki frá barnsaldri.

Hugheilar hátíðarkveðjur

Hafnarfirðingum og vinum Hafnarfjarðar sendum við hugheilar hátíðarkveðjur og óskir um gleðilega jólahátíð með þakklæti fyrir samveru og samfylgd á árinu sem er að líða.

Megi árið 2020 færa okkur öllum hamingju, góða heilsu og skapandi og skemmtileg verkefni.

Bæjarstjórn og starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar



Galdrasteinn – verðlaunasmásaga

eftir Anítu Ósk Hilmarsdóttur

Ég, Tahani, 17 ára og litla systir mín Kamilah sem er aðeins 11 ára gömul, röltum um götur Nýju Delí. Það er borgin sem við búum í. Heimili eigum við ekki og heldur enga foreldra. Stræti borgarinnar og skúmaskot eru okkar íverustaðir daga sem nætur. Enga vinnu er að fá og það að eina sem ég get gert til þess að þéna peninga hér er að selja líkamann minn. Fyrir þann litla aur get ég keypt mat fyrir okkur systur. Ég reyni mitt allra besta að passa uppá Kamiluh. Í dag er hún fárveik og ég hef ekki efni á lyfjum fyrir hana en ég bið til guðs á hverjum degi og bið hann um að hjálpa okkur. Ég á von á mér eftir mánuð, veit ekki hver faðirinn er og ég kvíði framtíðinni. Ég hafði tekið áhættu með því að selja mig og nú var þetta raunin. Ég hefði farið í fóstureyðingu en ég átti varla peninga til þess að halda mér og Kamiluh á lífi, hvað þá að greiða fyrir slíka aðgerð. En þrátt fyrir að eiga lítinn pening eigum við hvora aðra að og það er það sem skiptir mestu máli. Við systurnar göngum niður langan og kuldalegan veg. Þetta er vegur þar sem margir heimilislausir krakkar og unglingar safnast saman og betla peninga af ríka fólkinu.

Kamiluh líður illa á þessum stað og ég fæ fiðrildi í magann, en ekki þessi litlu sætu fiðrildi, heldur stór, dimm og þung fiðrildi. Við finnum okkur skjól, komum okkur fyrir og ákveðum að dvelja þar því Kamilah er orðin máttfarin. Eftir fáeina daga erum við algjörlega matarlausar svo við ákveðum að fara og verða okkur útum mat. Við leggjum af stað og ég held fast í höndina á Kamiluh. Skyndilega finn ég að hún togar í mig og ég grip um hana. Hún óskrar nafn mitt og hægt og rólega rennur hún mér úr greipum. Ég sé svartklæddan mann með grímu sem togar hana frá mér. Ég beiti öllum mínum kröftum til þess að ná henni en það tekst ekki. Ég er dofin í líkamanum og óttinn gripur mig en þrátt fyrir þunga kúluna framan á mér hleyp ég af stað.



Aníta Ósk Hilmarsdóttir.

Ég heyri byssuhvelli í fjarska enda óeirðir á götum borgarinnar ekki óalgengar. Maðurinn, með Kamiluh í eftirdragi, nálgast óeirðirnar og ég er orðin smeyk. Skyndilega falla þau bæði til jarðar og litill rauður pollur myndast. Þarna fór hún. Litla systir mín. Allt mitt líf hef ég helgað að gæta Kamiluh en nú er hún farin. Ég verð þyngri með hverri sekúndunni og finn hvernig tárin streyma niður andlit mitt. Ég geng að henni, tek hana upp og hleyp eins hratt og ég get með hana burt frá skothríðinni. Ég reyni að finna hjartslátt hennar en hann er farinn. Er ég kem í skjólið okkar legg ég Kamiluh frá mér. Þarna liggur hún hreyfingarlaus, fól og alblóðug á bringunni. Nú finn ég að litla barnið mitt er að koma í heiminn. Þarna þarf ég að skilja hana eftir, ég verð að komast á spítala og ég hef ekki krafta til að bera litlu fallegu systur mína með

mér. Áður en ég fer, syng ég litla vögguvísu fyrir Kamiluh. Legg svo af stað. Á leiðinni kemur kona nokkru eldri en ég upp að mér. Hún réttir mér lítinn hvítan stein. Ég skoða steininn nánar. Það hefur kvamast upp úr honum og þar sést glitta í fjólubláa og glitrandi kristalla. Þetta er fallegasti steinn sem ég hef nokkurn tímann séð. Það eina sem konan segir mér er að þetta sé galdrasteinn og hann muni hjálpa mér í gegnum erfiðleika, ég þurfi að passa hann vel. Svo hverfur hún á braut. Ég geng um og leita að spítala, spyrst fyrir en fæ enga hjálp. Ég er alveg að gefast upp en að lokum finn ég risastóra byggingu og sjúkrahúsið fyrir utan. Þetta hlýtur að vera spítalinn. Ég geng inn og sé lækna, ég er á réttum stað. Ég trú því að galdrasteinninn hafi komið mér til bjargar. Ég geng upp að afgreiðsluborðinu og kona þar hjálpar mér og

kemur mér í herbergi þar sem ég leggst í rúm.

Þar inni segi ég lækni allt um mig, að ég sé heimilislaus og svo fer hann út. Þegar ljósmóðirin kemur inn er ég alveg komin að því að fæða. Ég legg frá mér steininn sem konan gaf mér. Ég er búin að rembast mjög lengi en barnið kemur ekki. Við tókum smá pásu og ég get ekki hugsað um neitt annað en Kamiluh og hvað hún var orðin spennt yfir því að sjá litla barnið. En Kamilah er ekki hér. Þetta er allt svo skrítið og þetta gerðist allt svo hratt. Ljósmóðirin kemur aftur inn og segir mér að halda áfram að rembast. Ég ætti kannski að halda á galdrasteininum, þá kemur barnið kannski fljótlega. Ég held áfram að rembast og skyndilega er barnið mitt komið í heiminn, ég heyri grátur. Ljósmóðirin vefur barnið í teppi og færir mér það. Þetta er stúlka. Fallegasta barn veraldar. Ég horfi á hana og hún minnir mig á Kamiluh. Þegar hún opnar augun sé ég að hún er með alveg eins augu og Kamilah, blá og tindrandi. Ég tárast. Ég ætla að nefna hana Kamilah í höfuðið á litlu systur minni. Rétt í þessu gengur kona inn í herbergið. Ég kannast mjög mikið við hana. Þetta er konan sem gaf mér steininn. Hvað er hún að gera hér? Ljósmóðirin segir mér að þetta sé Danika og hún sé hér til þess að taka mig að sér. Ég græt gleðitárum og þakka Daniku fyrir töfrasteininn, hann hafi bjargað lífi mínu og litlu stúlkunnar minnar. Ég gæti ekki beðið um meira einmitt núna. Danika gengur til mín og knúsar mig, síðan segir hún „Um leið og ég sá þig sá ég áhyggjur og sorg í augum þínum. En það var ekki það eina sem ég sá. Ég sá líka styrk, þrautseigju og von. Steininn er enginn galdrasteinn. Töfrarnir búa innra með þér Tahani.“

Verðlaunasaga úr smásagnakeppni grunnskólanna í Hafnarfirði í 8.-10. bekk vorið 2019 er Aníta Ósk var í 10. MJ í Hraumvallaskóla.



Austurgatan

Hún hring minn ber

GULLSMÍÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir, gullsmíður

LÆKJARGATA 34 c • HAFNARFJÖRÐUR • facebook.com/Gullsmidjan

Sendum félagsmönnum,
fjölskyldum þeirra og
landsmönnum öllum
hugheilar jóla-
og nýárskveðjur.



www.fit.is

Jólatrjáasala Skógræktarfélags Hafnarfjarðar

Þöll við Kaldárselsveg

Íslensk jólatré
og skreytingar úr
efnivið skógarins

Opið alla daga
til jóla kl. 10-18

Heitt súkkulaði í kaupbæti
um helgina!

www.skoghf.is — Finndu okkur á Facebook
Nánari upplýsingar í síma 555 6455 og 894 1268

Eskivellir 11 – Nýbygging

Bókið skoðun!

Glæsilegar nýjar 3ja herbergja íbúðir í
lyftuhúsi við Eskivelli 11 í Hafnarfirði.




- Íbúðirnar skilast fullbúnar að innan og utan.
- Afhending í febrúar 2020.
- Verð: 42-45 milljónir kr.
- Stærðir: 82,8-93,5 m².

Nánari upplýsingar veita sölumenn Hraunhamars:

Hlynur 698 2603
Hilmar 892 9694
Helgi 893 2233

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is



Kapellan í Kapelluhrauni

Hraunið sem álverið í Straumsvík stendur á heitir Kapelluhraun eða Nýjahraun. Samkvæmt heimildum og rannsóknum Jóns Jónssonar jarðfræðings rann þetta hraun í sjó fram eftir landnám, líklega á árunum 1010-1040. Allavega hefur hraunið verið runnið um 1300 því þá er þess getið í gömlum heimildum að skipstrand hafi orðið við Nýjahraun.

Það má ætla að einhverjar samgöngur hafi þá þegar verið við Suðurnes, fljótlega eftir landnám, sem að sjálfsögðu tók af á meðan hraunið rann fram. En þegar samgöngur hófust á ný lá leiðin yfir í Nýjahraun skammt ofan við núverandi Reykjanesbraut.

Mikið jarðrask hefur verið gert á þessu svæði og hrauninu mokað burt til vegagerðar og í húsagrunna á öllu höfuðborgarsvæðinu. Þó má enn sjá greinilega hvar vegaslóðin liggur upp á hraunið rétt við Straum, skammt frá Reykjanesbrautinni. Einnig sést rudd hestagata vel við hlið kapellunnar. Leið þessi hefur verið þjóðleið öldum saman frá Suðurnesjum til Hafnarfjarðar, Bessastaða og Reykjavíkur, þegar hestar voru eina samgöngutækið.

Þegar við þeysumst eftir steiptum veginum suður, þá kemur okkur sist gamli tíminn í hug. Risavaxið, nýttiskulegt álverið sjávarmegin á hægri hönd og á vinstri hönd hraunið í sárum eftir mikið jarðrask, árum saman.

Gegnt álverinu, um það bil fyrir miðju, ofan vegar á vinstri hönd, er stakur hóll, sem nánast litur út eins og stór grjóthruga um það bil 50 metra frá veginum. En þegar betur er að gáð eru þarna vel hlaðnir veggir sem sanna að þar hefur staðið lítið hús frá fornum tíma. Þetta er kapellan sem Kapelluhraun er nefnt eftir. Flatarmálið er aðeins 5-6 fermetrar á að giska. Litlu hefur munað að rústir kapellunnar yrðu hrauntökumönnum að bráð, sem ekki



Stytta er eftirlíking af upprunalegu styttunni sem Kristján Eldjárn fann 1950.

vissu að þarna var helgur staður ferðamanna á öldum áður. Nú er staður þessi friðlýstur.

Saga kapellunnar er ekki kunn og enginn veit með vissu hversu gömul hún er. En árið 1950 fann dr. Kristján Eldjárn, síðar forseti Íslands, en hann var þá forstöðumaður Þjóðminjasafnsins, litla stytta af Heilagri Barböru, þegar hann gróf niður í rústirnar.

Heilög Barbara er verndardýrölingur margra, m.a. ferðalanga, verslunar- og málmsteypumanna. Það má nærri geta að ferðamenn til forna öttuðust náttúruöflin ekki síður en tröll og drauga sem leyndust bak við hvert leiti. Jarðskjálftar og eldgos voru óskýranlegar hamfarir

og töldu menn þess tíma alveg eins að reiði Guðs hafi valdið, aumum og breyskum sálum til hrellingar og áminningar. Það var því huggun á löngum og erfiðum ferðalögum að biðja Heilaga Barböru Guðs blessunar á úfnu, nýrunnu hrauninu.

Það var ekki einsdæmi að mönnum hlekkist á í ferðalögum á öldum áður, sem og reyndar enn þó ferðamátinn hafi breyst.

Þó að Heilög Barbara hafi á fornum tíma verið tilbeðin sem varndardýrölingur ferðamanna, þá var hún jafnframt verndardýrölingur málmsteypumanna. Það var því vel við hæfi að forráðamenn Ísal áttu þátt í að láta gera að nýju stytta

af Heilagri Barböru. Hin nýja stytta er gerð eftir ljósmyndum af gömlu styttunni sem nú er varðveitt á Þjóðminjasafninu. Það var listamaðurinn Walter Mellmann frá Osnabruck í Vestur-Þýskalandi sem gerði þessa litlu fallegu stytta. Í desember 1981 afhenti Torfi Ólafsson, formaður kaþólskra leikmanna stytta almenningi með hátíðlegri athöfn. Þeirri athöfn lauk með stuttri guðspjónustu séra Ágústs K. Eyjólfssonar.

Kapella Heilagrar Barböru lætur lítið yfir sér við þjóðbrautina og fæstir vegfarendur vita af henni. Heldur er umhverfið hrjóstrugt og hrúgur af efni sem ekki var nýtanlegt á sínum tíma eru á við og dreif. Væri ekki vel við hæfi að laga umhverfið dálítið til? Menn hafa þegar tekið sinn toll af hrauninu umhverfis kapellu Heilagrar Barböru, væntanlega til einhvers ábata. Nú hlýtur að vera kominn tími til að sýna Heilagri Barböru örlitla virðingu fyrst fábrotin kapella stóð af sér stórvirkar vinnu vélar og brýna þörf vegagerðarmanna og byggjenda á góðu uppfyllingarefni. Úr því sem komið er væri best að slétta svæðið í kring og örlitill gróður myndi ylja minningu Heilagrar Barböru. Slíkt væri jafnframt virðing við ferðalúna hestamenn fyrri alda sem gáfu sér tíma á langri leið til að biðja Heilaga Barböru um blessun og forsjá á viðsjalli leið.

Það er ómaksins vert að bregða sér fárra mínútna ökuferð til að skoða þennan minnisvarða liðins tíma, þó hann sé fábrotinn eins og tíðarandinn sjálfur var. Hver veit nema Heilög Barbara sé enn tilbúin að veita mönnum forsjá á bilaöld á hana er heitið og hún beðin vel og heitt. Því enn verður mönnum hált á Reykjanesbrautinni þó ferðamátinn hafi breyst.

Texti: Jón Kr. Gunnarsson í 1. töl.

Fjarðarfrétt, 12. árg. í júlí 1987.



Stytta stendur örskammt frá Reykjanesbrautinni við álverið í Straumsvík.



Við áður fyrirhugaða stækkun var gert ráð fyrir að þrengt væri að styttunni.

Jón Kr. Gunnarsson fæddist í Hábae í Hafnarfirði 1. október 1929. Hann lést 26. maí 2000. Jón stundaði sjómennsku og var stýrimaður og skipstjóri á ýmsum skipum. Hann stundaði útgerð og fiskverkun á árunum 1955 til 1965 og jafnframt innflutning á skipum og vélum frá Noregi. Jón átti og ritstýrði Speglinum 1965 til 1968 og stundaði jafnframt lausablaðamennsku. Hann rak bókaútgáfuna Rauðskinnu og hefur gefið út og skrifað talsvert af bókum. Auk þessa skrifaði hann fjölda greina í blöð og tímarit. Jón var einn af stofnendum Sæðýrasafnsins 1969 og veitti því forstöðu þar til það hætti rekstri 1985. Hann stundaði á vegum þess háhyrningsveiðar og sá um sölu á þeim til dýragarða víða um heim. Jón tók mikinn þátt í félagslífi og var í Skátafélaginu Hraunbúum, Hjálparsevit Skáta og St. Georgsgildinu í Hafnarfirði og í Rótaryklúbbi Hafnarfjarðar. Jón bjó alla tíð í Hafnarfirði nema síðustu 4 æviárin er hann bjó á Álftanesi.



DESEMBERMÁNUÐUR RAFÍÞRÓTTADEILDAR FH

**FH ESPORTS BÝÐUR NÚ
UPP Á KENNSLU Í FIFA!**

Dagskrá desembermánaðar

HELGARNÁMSKEIÐ Í CSGO

13.-15. desember - 3ja tíma æfingar dag hvern

HELGARNÁMSKEIÐ Í FIFA

20.-22. desember - 3ja tíma æfingar dag hvern

MILLI JÓLA OG NÝÁRS FORTNITE

27.-30. desember - 2ja tíma æfingar dag hvern

SKRÁNING Á FH.FELOG.IS

Allar spurningar má senda á **Facebook síðuna FH Esports**,
netfangið **esport@fh.is** eða hringja í símanúmerið **845 2315**.

VIÐ ERUM FH!

.or!go.



Takk fyrir stuðninginn

Árið 2019 hefur verið viðburðaríkt líkt og fyrri ár hjá okkur í Björgunarsveit Hafnarfjarðar en þessi tími ársins einkennist mikið af okkar stærstu fjáröflunum.

Fyrst er það sala á Neyðarkalli í nóvember en þegar nær dregur jólum hefst undirbúningur fyrir sölu á jólatrjám sem Björgunarsveit Hafnarfjarðar hefur staðið að til fjölda ára en sú nýjung er hjá okkur í ár að við höfum með aðstoð góðra vina hannað og framleitt Jólaóroa Björgunarsveitar Hafnarfjarðar.

Salan fer fram á Reykjavíkurvegi 48 á sama stað og við seljum jólatré, óróinn í ár er sá fyrsti í röðinni en hannaður



Jólatrjáa- sala

Reykjavíkurvegi 48
(Hvalshúsið)

OPIÐ:

mánudag til föstudags
kl. 13-21.30

laugardaga og sunnudaga
kl. 10-21.30



verður nýr á hverju ári héðan í frá og verða þeir framleiddir í takmörkuðu upplagi.

Flugeldasala hefur í gegnum tíðina verið stór þáttur í okkar fjárflyunarstarfi og er enn, um þessar mundir vinnum við hörðum höndum að því að koma upp sölustöðum okkar en undirbúningur fyrir flugeldasölu er mikill og tekur í raun allt árið. Þrátt fyrir mikla vinnu við fjáraflanir erum við auðvitað alltaf tilbúin að stökkva af stað ef kallið kemur.

Nú í aðdraganda jóla hefur hieldur betur reynt á þá öflugu heild sem björgunarsveitir landsins mynda, en það er einmitt þá sem björgunarsveitar-

hjartað slær taktfast og öll sú vinna sem við höfum lagt á okkur verður þess virði og skilar sér til samfélagsins.

Kæru Hafnfirðingar ég óska ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

*Gísli Johnsen, formaður
Björgunarsveitar Hafnarfjarðar.*



Flugeldasala:

- Hvaleyrarbraut 32 (innst á Lónsbraut)
- Reykjavíkurvegur 48 (við Hvalshúsið)
- Við Tjarnarvelli

OPIÐ:

Laugardaginn 28. desember kl. 10 - 22

Sunnudaginn 29. desember kl. 10 - 22

Mánudaginn 30. desember kl. 10 - 22

Gamlársdag kl. 09 - 16

Þrettándasala björgunarmiðstöðinni Hvaleyrarbraut 32:
5. janúar kl. 14-22 og 6. janúar kl. 16-20



Æfingar eru gríðarlega mikilvægur þáttur í starfi björgunarsveitarinnar.

Óskum bæjarbúum gledilegra jóla og farsæls nýs árs!



Nytjamarkaðurinn
Dalshrauni 13 • www.abc.is



Actavis



Aðalskoðun
Hjallahrauni 4 • www.adalskodun.is



ÁLFAGULL
Strandgötu 49 • sími 537 2770



AS
FASTEIGNASALA
Stofnað 1988
Fjarðargötu 17 • www.as.is



ÁSAFL
Hjallahrauni 2 • www.asafl.is



BAN KÜNN
THAI RESTAURANT
Tjarnarvöllum 15 • sími 565 5665

BATTERÍÐ | ARKITEKTAR
Hvaleyarbraut 32 • www.arkitekt.is



BÍLAMÁLUN
ALBERTS
Stapahrauni 1 • sími 555 4895



Bílaverk ehf.
Kaplakrauni 10 • sími 565 0708

Bílaverkstæði Högna

Trönuhrauni 2 • sími 555 2662



BLIKKSMÍÐI
BLIKKHELLA
S. 555 4662 GSM 897 4230
Rauðhelli 12 • sími 555 4662

Blikksmíði ehf.
B L I K K S M Í Æ J A
Melabraut 28 • sími 565 4111



Bodtækni
Selhelli 13 • www.bodtaekni.is



Boðunarkirkjan
Álfaskeiði 115 • www.bodunarkirkjan.is



BFH
Flatahrauni 14 • www.bfh.is



BÆJARBAKARI
Bæjarhrauni 2 • sími 555 0480



DARÍA
Fjarðargötu 13-15 • www.daria.is



domus
FASTEIGNASALA
www.domus.is • 896 6076



DS LAUSNIR
ÞJÓNUSTA Í BYGGINGARÍÐNAÐI
Breiðhelli 22 • www.dslausnir.is



DYR

FAGFÓLK
Hársnyrtistofan
Fjarðargötu 19 • sími 565 3949




FEBH
Félag eldri borgara í Hafnarfirði
